

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Kennitala: 4201693889

Reykjavík, 27. maí 2024  
Málsnúmer: 20240505353

**Umsögn ríkisskattstjóra vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um aðför og lögum um nauðungarsölu (miðlun og form gagna, notkun fjarfundabúnaðar, birtingar o.fl.) - þskj. 1372, 926. mál**

Ríkisskattstjóri hefur þann 13. maí sl. móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál. Eftirfarandi eru sjónarmið og athugasemdir ríkisskattstjóra vegna þessa.

**I.**

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ekki verði lagðar til breytingar á afhendingarmáta greiðsluáskorana enda séu þær birtar af kröfuhafa án atbeina sýslumanns, jafnvel þótt hið opinbera kunnir eftir atvikum að koma fram sem kröfuhafi í einhverjum tilvikum.

Í frumvarpinu kemur fram að um nokkra hríð hafi verið til athugunar að gera breytingar á lögum um aðför, nr. 90/1989 og lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991 með það að markmiði að heimila notkun stafrænna og rafrænna lausna við meðferð mála sem rekin eru á grundvelli laganna, hvort tveggja hjá sýslumönnum og dómstólum. Í því felst minni notkun á pappír með tilheyrandi sparnaði og skilvirkni líkt og tekið er fram í 6. kafla frumvarpsins um mat á áhrifum.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda, nr. 150/2019 eru innheimtumenn ríkissjóðs ríkisskattstjóri í umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu en sýslumenn í öðrum umdæmum. Það er mat ríkisskattstjóra að með því að heimila innheimtumönnum ríkissjóðs að hefja innheimtu með sendingu sérstakrar greiðsluáskorunar skv. 7. gr. laga nr. 90/1989 í rafrænt pósthólf á miðlæga þjónustugátt stjórnvalda myndu sparast umtalsverðir fjármunir hjá ríkissjóði. Sérstakar greiðsluáskoranir eru birtar með stefnuvottum vegna sjálfskuldarábyrgðar þriðja aðila, þ.e. í málum þar sem greiðsluáskoran er beint að öðrum en aðalskuldara. Þetta eru innheimtumál vegna sjálfskuldarábyrgðar hjóna og samskattaðs sambúðarfólks til greiðslu á sköttum sem á þau eru lögð skv. lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, sbr. 1. mgr. 116. gr. laganna, 5. tölul. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum, nr. 20/1991, 1. mgr. 8. gr. laga um sameignarfélög, nr. 50/2007, og 33. gr. laga um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð. Þá eru einnig birtar greiðsluáskoranir með stefnuvottum vegna innheimtu sekta, s.s. skattsekta, sekta ársreikningaskrár og dagsekta fyrirtækjaskrár.

Kostnaður vegna stefnuvotta myndi minnka verulega sem og fækkun sendinga á pappír væri birting greiðsluáskorana í rafrænu pósthólfi í miðlægrri þjónustugátt stjórnvalda heimiluð. Er ljóst að með því fyrirkomulagi myndi ekki einungis fylgja sparnaður heldur einnig skilvirkni í þeim þætti innheimtu sem krefst afhendingu greiðsluáskorana með stefnuvottum. Þá er tekið er fram að gjaldendum á Íslandi fer fjölgandi og því er ljóst að beinn kostnaður ríkissjóðs vegna innheimtu mun aukast.

Bent er á að nú þegar njóta innheimtumenn ríkissjóðs ákveðins og mikilvægs réttarfarshagræðis, sbr. 8. gr. laga um aðför, nr. 90/1989 sem kveður á um birtingu almennrar greiðsluáskorunar í dagblöðum eða með öðrum samsvarandi hætti og þurfa þeir þ.a.l. almennt ekki að birta greiðsluáskoranir með stefnuvotti, sbr. 7. gr. laganna.

Ljóst er að sýslumenn munu hafa mikið hagræði af breytingum skv. frumvarpinu verði það að lögum, sjá t.d. 7. gr. frumvarpsins en bent er á að sýslumenn eru einnig innheimtumenn ríkissjóðs hver í sínu umdæmi, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 150/2019 og 1. og 2. gr. reglugerðar um innheimtumenn ríkissjóðs, nr. 241/2020. Það skýtur skökku við að hluti starfa sýslumanna njóti hagræðis með sendingu gagna í rafrænt pósthólf á miðlæga þjónustugátt stjórnvalda en ekki hvað varðar verkefni sem tengjast innheimtu skatta og gjalda þar sem sýslumaður kemur fram sem kröfuhafi rétt eins og ríkisskattstjóri, við innheimtu skatta og gjalda.

Nú hafa tekið gildi lög um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða, nr. 101/2023 og fyrirhugað er að í byrjun árs 2025 muni gjaldið ná yfir allar bifreiðar. Í gildandi rétti fylgir kílómetragjaldinu lögveð og ljóst er að aukning mun verða í innheimtumálum í kjölfar lögfestingar gjaldsins með tilheyrandi innheimtukostnaði þar sem í þeim innheimtumálum þarf að birta sérstakar greiðsluáskoranir.

Verði innheimtumönnum ríkissjóðs gert kleift að birta greiðsluáskoranir í stafrænu pósthólfi í miðlægrri þjónustugátt stjórnvalda hefði það í för með sér mikinn tímasparnað og aukna skilvirkni við innheimtu, utanumhald og úrvinnslu innheimtumála.

Í þessu sambandi er bent á að það er mat ríkisskattstjóra að sending greiðsluáskorana og annarra gagna í rafrænt pósthólf í miðlægrri þjónustugátt stjórnvalda sé betri og öruggari birting heldur en birting með stefnuvotti. Vísast til þess að ekki þarf að vera að viðkomandi gjaldandi fái áskorun stefnuvotts í hendur ef hann hittist ekki fyrir þar sem stefnuvotti er m.a. heimilt að birta greiðsluáskorun fyrir þeim sem hittist fyrir á lögheimili gjaldanda, sbr. 3. mgr. 85. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Í þessu sambandi er jafnframt bent á trúnaðar- og persónuverndarsjónarmið þegar svo fer að annar en gjaldandi sjálfur kvittar fyrir móttöku greiðsluáskorunar. Þá má benda á að fái innheimtumenn ríkissjóðs þessa heimild hefði hún í för með sér jákvæð umhverfisáhrif þar sem pappírnotkun myndi minnka verulega og að sama skapi myndi eignum kílómetrum stefnuvotta fækka umtalsvert.

## II.

Eins og fyrr er vikið að er almenn greiðsluáskorun birt í dagblöðum eða með öðrum samsvarandi hætti og er ekki verið að leggja til breytingar á þeim birtingarmáta í frumvarpinu. Það eru hinar svokölluðu sérstöku greiðsluáskoranir, sem tilgreindar eru hér ofar sem ríkisskattstjóri sér mikið hagræði í að birta í stafrænu pósthólfi í miðlægrri þjónustugátt stjórnvalda. Birting sérstakra greiðsluáætlana eru alltaf forsenda upphafs hvers innheimtumáls í þriðja manns- og sektar innheimtu.

Í dæmaskyni má vísa til sekta ársreikningaskrár sem eru lagðar á lögaðila á grundvelli laga um ársreikninga, nr. 3/2006, sbr. 120. gr. laganna.

Ógreidd álagning sekta ársreikningaskrár vegna árána 2022 og 2023 er vegna 863 félaga og hefst innheimta þessara sekta nú á árinu 2024.

Liggur fyrir að beinn útlagður kostnaður vegna birtinga greiðsluáskorana mun nema um 4.5 milljónum króna vegna þessarar innheimtu en sá kostnaður kæmi ekki til hefðu innheimtumenn ríkissjóðs heimild til birtingar greiðsluáskorunar í stafrænu pósthólfi í miðlægrri þjónustugátt stjórnvalda. Á árunum 2022 og 2023 nam þessi kostnaður kr. 6.191.705.-.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að verulegir fjármunir myndu sparast ef innheimtumenn ríkissjóðs gætu birt sérstakar greiðsluáætlanir í rafrænu pósthólf í miðlægrri þjónustugátt stjórnvalda.

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á eftir 2. másl. 2. mgr. 7. gr. laga nr.90/1989:

„Innheimtumönnum ríkissjóðs er heimilt að birta greiðsluáskorun í stafrænt pósthólf á vegum stjórnvalda, sbr. lög um stafrænt pósthólf í miðlægrri þjónustugátt stjórnvalda, og telst það ávallt nægileg birting“.

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á eftir 2. másl. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 90/1991:

„Innheimtumönnum ríkissjóðs er heimilt að birta greiðsluáskorun í stafrænt pósthólf á vegum stjórnvalda, sbr. lög um stafrænt pósthólf í miðlægrri þjónustugátt stjórnvalda, og telst það ávallt nægileg birting“.

Þess er óskað að ofangreind sjónarmið og athugasemdir verði teknar til skoðunar af allsherjar- og menntamálanefnd.

Virðingarfyllst,  
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson